

3. Sé um algera eyðileggingu að ræða, skal vörunum fleygt undir tolleftirliti, og skal sá, er þess beiðist, greiða kostnað til tolleftirlitsins samkvæmt reglum 2. liðs hér að framan.
4. Skoðun samkvæmt 2. lið að framan skal fara fram svo tímanlega, að beiðni um niðurfellingu, lækkun eða endurgreiðslu aðflutningsgjaldanna ásamt skýrslu tolleftirlitsmanna, svo og matsgerð umboðsmanna váttryggjanda, ef um hana er að ræða, sé afhent tollyfirvaldi í síðasta lagi innan sex vikna frá komudegi farartækis þess, er vöruna flutti til landsins.
5. Fullnaðartollafgreiðsla vörunnar, þ. e. endanleg greiðsla aðflutningsgjalda af vörunni eða eyðing hennar skv. 3. lið að framan, fari fram innan tveggja mánaða frá komudegi þess farartækis, er flutti vöruna til landsins.

Að því er snertir vörur þær, sem þegar eru komnar til landsins, telst tveggja mánaða fresturinn í 5. lið að framan renna út er tveir mánuðir eru liðnir frá dagsetningu þessarar auglýsingar.

Fjármálaráðuneytið, 11. september 1968.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

3. október 1968.

Nr. 271.

AUGLÝSING

um niðurfellingu innflutningsgjalds.

Ákveðið hefur verið, samkv. heimild í 2. gr. laga nr. 68/1968 um innflutningsgjald o. fl., að fella niður við innflutning 20% innflutningsgjald af eftirtöldum tollskrárnúmerum:

A. Umbúðir sjávarútvegs:

Tollskrárn.:

- 39.07.32 Fiskkassar og fiskkölfur úr plasti.
- 44.08.00 Trjáviður í tunnustafi o. fl.
- 44.22.02 Síldartunnur úr trjáviði og hlutar til þeirra.
- 48.07.88 Vaxborinn pergamentpappír utan um fisk til útflutnings, enda sé á honum viðeigandi áletrun.
- 48.16.06 Pappakassar utan um fisk til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áletrun.
- 48.16.07 Pappírspokar, margfaldir, utan um fiskafurðir til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áritun.
- 48.19.02 Áprentaðir merkimiðar fyrir útflutningsafurðir.
- 57.10.01 Umbúðastrigi.
- 73.23.04 Áletraðar dósir, úr járni, stáli eða legeringum þeirra málma, utan um útflutningsvörur.
- 73.40.42 Fiskkassar, fiskkölfur o. fl.
- 76.16.02 Fiskkassar og fiskkölfur úr alúmíni og alúminlegeringum.
- 83.13.03 Áletruð lok, úr ódýrum málmum, á dósir utan um útflutningsvörur.

B. Veiðarfæri:

- 39.01.06 Handfæralínur í þessum tollskrárnúmerum.
- 39.07.31 Nótaflotholt o. fl.
- 39.07.33 Lóðabelgir.
- 40.14.01 Botnrúllur.
- 41.01.11 Nautshúðir í botnvörpur.
- 44.28.81 Botnvörpuhlerar o. fl.
- 45.03.01 Netja- og nótakorkur.
- 59.05.01 Fiskinetjaslöngur aðrar en úr polyethylen og/eða polypropylen.
- 70.21.01 Netjakúlur.
- 73.25.02 Virkaðlar meira en 0.5 cm. að þvermáli.
- 73.40.41 Veiðarfæralásar o. fl.
- 74.19.01 Veiðarfæralásar o. fl.
- 76.16.01 Netjakúlur.
- 93.04.02 Hvalveiðibyssur.
- 93.07.21 Skutlar og skot í hvalveiðibyssur.
- 97.07.01 Fiskiönglar venjulegir.

C. Salt o. fl.:

- 09.10.01 Síldarkrydd.
- 25.01.09 Salt.

Fjármálaráðuneytið, 3. október 1968.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 280 30. des. 1966, um útvarpsrekstur ríkisins,
sbr. breyting á þeirri reglugerð nr. 19 27. janúar 1967.**

1. gr.

27 gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Innheimtudeild Ríkisútvarpsins er heimilt að innsigla hljóðvarps- eða sjónvarpsviðtæki, hafi afnotagjaldskrafa eigi verið innleyst innan þriggja mánaða frá gjald-daga hennar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um útvarpsrekstur ríkisins nr. 68 28. des. 1934, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 10. október 1968.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius.